

Skýrsla stjórnar U3A Reykjavík starfsárið 2015 – 2016

Lögð fram á aðalfundi samtakanna 15. mars 2016



Efnisyfirlit

Stjórn og stjórnarstarf.....	3
Félagar	3
Fjármál.....	4
Rafræn miðlun U3A Reykjavík	5
Starfsemi á vettvangi U3A 2015 - 2016	5
Innlend samskipti	7
Erlend samskipti.....	8
Alþjóðlegt samstarfsverkefni, BALL.....	9
Starfið framundan.....	11
Að lokum.....	11
Viðauki – Viðburðadagskrá starfsársins 2015 – 2016.....	12
Vor 2015	12
Haust 2015.....	12
Vor 2016	14

Skýrsla stjórnar U3A Reykjavík fyrir starfsárið 2015 – 2016

Stjórn og stjórnarstarf

Á aðalfundi 17. mars urðu nokkrar breytingar á stjórn samtakanna. Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir lét af formennsku en hún hafði gegnt því starfi frá upphafi, í þrjú ár, en lengur má ekki gegna því hlutverki samkvæmt samþykktum samtakanna. Ingibjörgu var sérstaklega þakkað hennar mikla frumkvöðlastarf við að stofna og þróa þessi samtök sem vex ásmegin með hverju starfsári. Þær Helga Margrét Guðmundsdóttir og Ása Björk Snorradóttir hættu störfum sem varamenn í stjórn. Samkvæmt breytingu sem gerð var á samþykkt samtakanna er stjórn nú skipuð sex aðilum auk formanns en engir varamenn. Nýir stjórnarmenn voru kosnir, þær Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Margrét Örnólfsdóttir, en hún tók við hlutverki ritara í stað Jóns Björnssonar.

Stjórn U3A Reykjavík starfsárið 17. mars 2015 til og með 15. mars 2016 skipuðu Hans Kristján Guðmundsson, formaður, Ádís Skúladóttir, varaformaður, Margrét Örnólfsdóttir, ritari, Erna Steinsdóttir, gjaldkeri, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Ingibjörg Rannveig Guðlaugsdóttir og Jón Björnsson meðstjórnendur. Stjórnin hefur unnið samkvæmt starfslýsingu í 8. gr. í samþykkt samtakanna og er starfið unnið í sjálboðavinnu.

Stjórnin hélt tíu fundi á starfsárinu. Verkaskipting var staðfest á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Á stjórnarfundum var almennt fjallað um starfsemi samtakanna og hvernig megi efla þau, dagskrá og skipulag viðburða, miðlun og upplýsingagjöf til félaga, fjárhag, kynningar og samstarf við aðra aðila innanlands sem erlendis. Upplýsingar um gang Evrópusamstarfins innan BALL verkefnisins sem unnið er sjálfstætt af teymi undir hatti samtakanna voru stöðugt á borði stjórnar.



Formaður sá um bein samskipti við félagsmenn, sem eru eingöngu rafræn, en vefsíðan, www.u3a.is, var á herðum og ábyrgð fyrrverandi formanns.

Félagar

Í mars 2016 voru félagar 283 talsins og fjölgaði um 118 á starfsárinu. Meðalaldur félaga er 69 ár sem er ári hærri en fyrir ári síðan og hlutfall 70 ára og yngri hefur lækkað úr 71% í 62%, þótt hlutfall 65 ára og yngri sé svipað, um 22%. Konur eru 79% félagsmanna og hefur hlutfall karla hækkað aðeins á milli ára. Auk félaga eru 300 manns á netfangalista samtakanna og hefur þeim fjölgað um 50 frá fyrra ári og eru það því hátt í 600 manns sem fá tilkynningar um viðburði á vettvangi U3A.

Ánægjulegt er að sjá þennan aukna áhuga á þátttöku í starfi þessara ungu samtaka, sem er til marks um aukna vitund samfélagsins og einstaklinganna sjálfra um mikilvægi þriðja æviskeiðsins. Kynningar á starfinu, viðburðum á vetvangi U3A og ekki síst kynning á niðurstöðum BALL verkefnisins hafa eflaust haft þarna töluverð áhrif.

Hér að neðan má sjá aldursdeifingu karla og kvenna í samtökunum. Sjá má að meirihluti félagsmanna er á aldursbilinu 65 - 75 ára.



Fjármál

Ársreikningur starfsársins 2015-2016 liggur frammi til kynningar og samþykktar á aðalfundi 15. mars 2016. Samkvæmt efnahagsreikningi þann 7. mars 2016 er eigið fé U3A Reykjavík kr. 584.896 og er rekstrarafkoma ársins 250.267. Tekjur á starfsárinu voru samtals kr. 974.363. Um þriðjungur tekna eru greidd félagsgjöld og hafa þær rúmlega tvöfaldast frá fyrra ári. Innheimtur aðgangseyrir að viðburðum og námskeiðum

var í ár kr. 455.745 sem er rúmum þriðjungi hærri en á fyrra ári. Auk þess var innheimt námskeiðsgjald á kvikmyndanámskeiðið, kr. 185.000, á móti kostnaði við námskeiðið. Útgjöld U3A Reykjavík á starfsárinu voru samtals kr. 724.096, kvikmyndanámskeið innifalið. Útgjöld vegna viðburða og annarra námskeiða voru kr. 284.611. Annar umsýslu og rekstrarkostnaður var kr. 259.485, en þar er talinn m.a. kostnaður og umsýsla vegna annarra funda en viðburða, gjöld vegna vefsíðu og aðildargjald að AIUTA eins og skýrt er í ársreikningi. Skoðunarmenn reikninga voru Lilja Ólafsdóttir og Höskuldur Frímansson.

Rafræn miðlun U3A Reykjavík

Vefsíða U3A Reykjavík www.u3a.is er grunnurinn að upplýsingum um U3A, dagskrá, viðburði, fréttir og ýmsar grunnupplýsingar um U3A innanlands og utan. Webmail netfang samtakanna u3areykjavik@u3a.is, er birt á síðunni og er þar hægt að skrá sig í samtökin sem félagi eða á netfangalista áhugamanna.

Vorið 2015 var opnuð facebook síða U3A Reykjavík, sem formaður sér um. Þar birtast auglýsingar um viðburði og ýmsar fréttir.

Öll samskipti við félagsmenn fara fram með rafrænum hætti. Auglýsingar og tilkynningar um viðburði eru sendar á netfangalista félagi og áhugamanna. Í því skyni hefur gmail netfang formanns veri notað. Ýmis önnur samskipti hafa farið fram á webmail netfangi félagsins.

Á starfsárinu hefur verið unnin undirbúningsvinna að endurnýjun og endurhönnun vefsíðunnar og tilboða leitað til fyrirtækja um hýsingu og þjónustu. Markmiðið er að gera vefsíðuna sem þægilegasta og á traustari grunni en verið hefur. Ingibjörg Rannveig hefur stýrt þessari vinnu með félögum okkar Hrafnhildi Hreinsdóttur og Jóni Ragnari Höskuldssyni, sem bæði hafa sérþekkingu á efninu. Stjórn félagsins var í síðustu viku kynnt ný lausn og stefnt er að því að ný vefsíða verði opnuð fyrir haustið.

Starfsemi á vettvangi U3A 2015 - 2016

Starfið á vettvangi samtakanna hefur verið öflugt og fjölbreytt. Atburðaskrá starfsársins er í viðauka. Starfið hefur mótast enn frekar í hefðbundinn farveg svipað og á fyrri starfsárum. Auk þess starfs sem lýst er hér að neðan um samskipti og tengsl innanlands og erlendis, sem stjórnarmenn hafa fyrst og fremst sinnt, þá hefur félögum boðist þátttaka í vikulegum þriðjudagsviðburðum á haust – og vormisseri, námskeiðum, heimsóknum á áhugaverða staði og hópastarfi. Dagskrá og lýsingu þessara viðburða hefur mátt sjá á vefsíðu U3A Reykjavík og yfirleitt reynt að birta frétt og myndir af þeim eftir. Eins eru tilkynningar sendar á póstlista samtakanna í aðdraganda hvers viðburðar. Þriðjudagsviðburðirnir hafa allir verið haldnir í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31, með dyggri aðstoð starfsmanna þar, sem er kærlega þökkuð. Stjórnin fékk ennfremur til liðs við sig röskan hóp félagi til að aðstoða við undirbúning og frágang á staðnum eftir þörfum.

Þriðjudagsviðburðirnir hafa verið um ýmis efni, fræði og áhugasvið. Þeir hafa verið vel sóttir og hefur fjöldi þátttakenda oftast verið á bilinu 20 – 50 manns. Fyrsti þriðjudagsviðburður haustins var að venju almennur félagsfundur, þar sem rædd var starfsemi samtakanna og vilji og áhugi félaga kannaður. Þátttaka í þessum fundi var sú mesta sem sést hefur, en rúmlega 70 manns tóku þátt í hugarflugi um starfsemina í fjórum vinnuhópum. Hefur stjórnin reynt að koma til móts við þær hugmyndir sem þarna komu fram við skipulagningu vetrardagskrárinnar.



Fréttir af erindum vetrarins má sjá á vefsíðu U3A og kennir þar margra grasa. Það er sérstaklega ánægjulegt hve margir eru tilbúnir til að ausa úr brunnum fræða sinna og þekkingar. Þar mátti heyra fróðleik um pipraða páfugla, Berlín, borgarskipulag, kolbíta og karlmennsku, samningatækni, Baskalandsferð, loftslagsbreytingar, umhverfi og haf, eldfjöll, matarforða jarðarinnar, tónlistarsögu Íslands frá kristnitöku og haustvertíðinni lauk með hátíðlegum jólafundi með spjalli um jólasíði. Viðamest var þó erindaröðin um merka Íslendinga sem hefur verið á dagskrá fyrri ára í umsjá Ásdísar Skúladóttur og snerist nú um fimm fyrstu þingkonurnar og var það vel við hæfi á því ári sem minnst var að 100 ár voru liðin frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Erindin fimm náðust ekki á haustinu eins og áætlað var þar sem tvö síðustu erindin í röðinni féllu niður vegna óveðurs, sem endilega vildu skella á þriðjudögunum. Þessi erindi voru því á dagskrá nú í febrúar. Erindi sem Thomas Möller ætlaði að halda um tímastjórnun féll einnig niður sökum veðurs og ófærðar. Allir viðburðirnir voru vel heppnaðir, vel sóttir og mjög áhugaverðir. Einn viðburður er sérstaklega minnisstæður, flutningur ljóðaflokksins Þorpið, eftir Jón úr Vör, sem upplestrarhópur Soffíu flutti á áhrifamikinn hátt af mikilli einlægni og snilld, en Hjörtur Pálsson, skáld og rithöfundur ræddi um skáldið og manninn Jón úr Vör. Upplestrarhópur Soffíu er einn þeirra hópa sem starfar í tengslum við U3A og Hæðargarð.

Enn eru margir þriðjudagar eftir á vormisseri og margt á dagskrá, m.a. áttahagafræði Reykjavíkurhverfa, íslensk tónlist í Vesturheimi, unaðsstaðurinn Örfirisey og listina að deyja .

Námskeið hafa verið fastur liður í starfinu og hefur félögum boðist að taka þátt í þremur slíkum. Á haustinu var efnt til námskeiðs í kvikmyndalæsi í samvinnu við Bíó Paradís sem Oddný Sen, kvikmyndafræðingur hélt fyrir milligöngu Jóns Björnssonar. Sextán félagar tóku þátt í námskeiðinu og lýstu flestir ánægju með framtakið og óskuðu eftir framhaldi, sem ekki gekk eftir á vorinu. Jón Björnsson skipulagði einnig og sá um tvö önnur námskeið af nokkuð öðrum toga. Annað þeirra er „Fyrrihlutanám í húnvetnskum

fræðum“ í samstarfi við Húnavetningafélagið og er því nú lokið. Þar fjölluðu fræðimenn um sýsluna og merka Húnavetninga. Svo hefur verið haldið námskeið um Indland, landið og sögu þess sem lýkur í mars með því að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fjallar um stjórnsmál á Indlandi. Stefnt er að ferð til Indlands í kjölfarið ef næg þátttaka fæst. Bæði þessi námskeið hafa verið mjög vel sótt.



Heimsóknir til áhugaverðra stofnana og fyrirtækja er hefðbundinn liður í starfseminni. Í apríl 2015 var farið í heimsókn í Þjóðleikhúsið og um haustið voru Háskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn í Reykjavík heimsóttir og á vorinu var boðið í Tónlistarsafn Íslands í Kópavogi og í Seðlabanka Íslands. Þátttaka var mjög góð í öllum þessum heimsóknum og hefur engin heimsókn í sögu U3A Reykjavík verið fjölmennari en heimsóknin í Seðlabankann,

sem taldi rúmlega 60 manns. Í öllum þessum heimsóknum var sérlega vel tekið á móti hópnum og miklum fróðleik miðlað.

Hópastarf var á dagskrá á starfsárinu eins og áður. Hinir hefðbundnu hópar sem hafa lengi starfað í Hæðargarði og U3A gat boðið félögum sínum héldu áfram. Má þar m.a. telja Tai Chi, hláturjóna og upplestrarhóp Soffíu sem minnst var á hér að framan. Sá hópur sem sterkast hefur tengst starfinu er Bókmenntahópur U3A sem er í umsjá Ásdísar Skúladóttur. Fundir hópsins eru að jafnaði á þriggjavíkna fresti og er aðgangur takmarkaður. Starf hópsins hefur á þessu starfsári verið mjög öflugt, bækur ræddar, gestum boðið og jólabækur metnar. Nokkrir fundir hópsins hafa einnig verið opnir öllum félögum. Nýir hópar hófu starf á liðnu hausti, hópur um umhverfismál sem stofnaður var í kjölfar erindis Kristínar Völu Ragnarsdóttur um loftslagsbreytingar. Hópur um „Ný verkefni kvenna á þriðja æviskeiðinu“ var stofnaður eftir bandarískri hugmynd („Project Renewment“) um samræðuhópa kvenna sem vilja skoða stöðu sína og möguleika á þriðja æviskeiðinu þegar eftirlaunaaldurinn nálgast. Minnt er á að félögum í U3A býðst og eru hvattir til að stofna hópa um hugðarefni sín undir hatti U3A með samþykki stjórnar.

Innlend samskipti

Talsverð vinna var lögð í að tengja U3A við fræðasamfélagið í borginni á starfsárinu.

Óformlegt samkomulag var gert við Háskólann í Reykjavík (HR) og býður HR samtökunum aðstoðu bæði til viðburða eftir þörfum og stjórnarfunda og hélt stjórnin nokkra fundi í húsakynnum skólans. Enn fremur býðst félögum í U3A Reykjavík 15% afsláttur af námskeiðsgjöldum Opna háskólans. Þann 24. september 2015 tók rektor HR og forstöðumaður Opna háskólans á móti félögum í kynningarheimsókn og sagði frá

starfsemi skólanna og húsinu sjálfu sem er hannað eftir ákveðinni hugmyndafræði um stjórnun himinhvolfsins.

Tekin var ákvörðun um að sækja um félagsskipti að ReykjavíkurAkademíunni (RA) og var aðild U3A Reykjavík samþykkt af stjórn RA í janúar 2016. Aðildin mun kosta 12.500 krónur á ári. Ýmislegt felst í þeirri aðild, svo sem aðild að vefsíðu, aðgangur að fundarsal, og möguleiki á því að skrá lögheimili hjá RA. Ákveðið var að nýta sér einungis aðganginn að fundarsal að svo komnu máli og halda lögheimili samtakanna áfram í Hæðargarði 31. Fundarsalur RA hentar vel til minni hópunda en kemur ekki í stað aðstöðunnar í Hæðargarði. Stjórnarfundir hafa frá því í desember verið haldnir í fundarherbergi RA.

Félögum hefur boðist að nýta sér stutt námskeið um stjórnun, skipulag og samskipti á vefsíðu Rými-Akademíunnar, (<http://rymi.smartwebber.is/page/fraedsla-og-thekking>) og nokkur þeirra hafa verið á viðburðadagskrá í umsjá Thomasar Möller, forstjóra og höfundar þessara námskeiða.

U3A Reykjavík hefur verið boðin þátttaka í ýmsum viðburðum á vegum Reykjavíkurborgar og hafa fulltrúar stjórnar tekið þátt í nokkrum fundum og málþingum, þar sem tækifæri hefur nýst til að koma upplýsingum um stefnu og markmið U3A á framfæri. Ákveðið var að þiggja boð Reykjavíkurborgar um að tilnefna fulltrúa í nokkra vinnuhópa á vegum borgarinnar í tengslum við að Reykjavík er nú „aldursvæn borg“. Hans Kristján er fulltrúi U3A í hópi um samfélagsþátttöku og atvinnumöguleika og Ingibjörg Rannveig er fulltrúi U3A í hópi um upplýsingaflæði. Telur stjórnin að með slíkri aðild gefist tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótun í málefnum þriðja æviskeiðsins.

Hans Kristján, Ingibjörg Rannveig og Jón Björnsson hafa kynnt U3A Reykjavík og starfsemina á ýmsum vettvangi m.a. á starfslokanámskeiðum Landspítalans, á vettvangi BHM, SFR og STRV auk ReykjavíkurAkademíunnar og Háskóla Íslands. Ennfremur hefur starf U3A Reykjavík ávallt verið hluti af þeirri kynningarvinnu sem unnin hefur verið um niðurstöður BALL verkefnisins.

Erlend samskipti

Stöðug samskipti eru við alþjóðasamtökin AIUTA (International Association of Universities of the Third Age), en U3A Reykjavík varð aðili að samtökunum á fyrra starfsári. Samtökin halda ráðstefnur í ýmsum heimshlutum a.m.k. tvisvar á ári. Ekki er grundvöllur fyrir því að samtökin geti sent fulltrúa sinn á slíkar ráðstefnur nema ytri styrkir komi til sem ekki hafa verið til staðar.. Formaður þáði boð AIUTA um að flytja erindi á ráðstefnu í júníbyrjun 2015 með yfirskriftinni „U3A's, Citizenship and Social Cohesion“. Hann kynnti þar stefnu, starf og hlutverk U3A Reykjavík í erindi sem bar heitið „*The present and future role of U3A in promoting social cohesion in Iceland*“. Gafst þarna gott tækifæri til tengsla við önnur U3A samtök.

Starf BALL teymisins hefur gefið góð tækifæri til að kynna starf U3A Reykjavík í umhverfi samstarfsaðilanna í Póllandi og á Spáni. Má til dæmis nefna þátttöku í 30 ára

afmælisráðstefnu U3A í Lublin, Póllandi, þar sem Hans Kristján og Ingibjörg fluttu erindi um U3A og BALL og Ingibjörg sagði reynslusögu sína sem leiddi til stofnunar U3A Reykjavík fyrir fullum sal af útskriftarnemendum U3A í Lublin.

Formaður hefur nýtt ýmis tækifæri til að kynna U3A Reykjavík á erlendum vettvangi með þátttöku í fjölþjóðlegum símafundum. Þar má telja reglulega símafundi tengslanetsins „Pass it on Network“, sem er stýrt frá Bandaríkjunum og Frakklandi. Ennfremur fékk hann sérstakt boð á fund Asíu og Kyrrahafssamtaka U3A (APA), en góðvinur U3A Reykjavík, Tom Holloway í Hyderabad, Indlandi, er þar virkur í stjórn. Fulltrúar APA hafa lýst miklum áhuga á að fylgjast með starfi U3A Reykjavík.

U3A Reykjavík hefur einnig verið í tengslum við alþjóðlega netið World U3A, í gegnum Tom Holloway, en þetta tengsla- og fréttanet var stofnað 1997 og starfar eingöngu á internetinu. World U3A gefur mánaðarlega út rafrænt tímarit, Signpost. Vakin hefur verið athygli á þessu rafræna tímariti á með tenglum á facebook síðu U3A Reykjavík og eins er tengill á netið á vefsíðu samtakanna.

Sýndarháskóli þriðja æviskeiðsins, U3Aonline, með miðstöð í Ástralíu, hefur óskað eftir að taka upp og birta viðtal við formann U3A Reykjavík.

Heimsóknir til systursamtaka í öðrum löndum eru á dagskrá hjá mörgum U3A samtökum erlendis. Uppsala Senioruniversitet sótti okkur heim 10-13. maí 2015, en við höfum átt nokkur óformleg samskipti við þessi samtök. Við tókum vel á móti þessum tíu manna hópi og undirbúningshópur undir forystu Margrétar Örnólfsdóttur skipulagði vandaða dagskrá innan borgar og með dagsferð um Suðurland. Svíarnir voru sérlega ánægðir með móttökurnar og buðu okkur að heimsækja þá til Uppsala. Enginn áhugi reyndist hins vegar vera meðal félaga U3A Reykjavík og varð því ekki af slíkri heimsókn.

Nokkrir einstakir ferðamenn og litlir hópar frá erlendum systursamtökum hafa iðulega samband um möguleika á að hitta félaga úr samtökum okkar. Hafa stjórnarmenn reynt að mæta slíkum beiðnum ef hægt er.

Ferðir félagsmanna erlendis hafa nær eingöngu verið vegna vinnufunda á vegum BALL verkefnisins og eru greiddar af styrknum til þess. Hópur félaga fór á slóðir Baska í haust sem leið í kjölfar námskeiðs um samskipti Baska og Íslendinga sem haldið var á fyrri starfsári. Sú ferð, sem sagt var frá á félagsfundi í nóvember, var ekki sem slík tengd U3A samskiptum milli landa.

Alþjóðlegt samstarfsverkefni, BALL

Evrópska samstarfsverkefnið BALL um undirbúning þriðja æviskeiðsins hefur haldið áfram samkvæmt starfsáætlun og hefur meginvinna starfsársins verið að túlka og vinna úr rannsóknum, kortlagningu og könnunum sem gerðar voru á fyrri helmingi verkefnisins, en því lýkur nú í haust. Drög að lokaniðurstöðum liggja nú fyrir og er unnið að lokaskýrslu. Þær hugmyndir sem settar verða fram eru þríþættar:

- Vitundarvakningar er þörf í samfélaginu og hjá einstaklingunum um virði og mannauð þriðja æviskeiðsins. Gerðar verða tillögur um slíka vakningu.
- Sjálfskoðunar- og sjálfshjálparaðstoð til einstaklinga sem vilja undirbúa sig undir seinni hluta ævinnar. Greina styrk sinn og getu, óskir, væntingar og ástríður. Námskeið, samtöl og ráðgjöf.
- Vöruhús tækifæruna, þar sem hægt er að leita í rekkum og hillum að tólum til að láta óskirnar rætast.

Þessar hugmyndir voru kynntar á þriðjudagsviðburði U3A í október 2015, og fengu jákvæð viðbrögð félaga. Bakhjarlar BALL verkefnisins á Íslandi, Reykjavíkurborg, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Bandalag háskólamanna (BHM), Landsvirkjun og



starfsmannasvið Háskóla Íslands hafa verið með í ráðum og sýna hugmyndunum áhuga. Þessar hugmyndir hafa einnig fengið mikinn stuðning í umhverfi samstarfsaðilanna í Póllandi og á Spáni og vakið athygli á alþjóðavettvangi þar sem þær hafa verið kynntar.

Fjórar skýrslur hafa verið birtar með niðurstöðum kortlagningar í samstarfslöndunum og fjórar skýrslur um niðurstöður væntingakönnunar. Skýrslurnar fjalla um niðurstöður í hverju landi og svo er samanburðarskýrsla þar sem niðurstöðurnar eru bornar saman og evrópsk vídd könnuð. Sjá má allar þessar skýrslur (á ensku) á vefsíðu verkefnisins, <http://www.ball-project.eu/> og tenglar eru á vefsíðu U3A Reykjavík.

BALL er unnið sem sjálfstætt verkefni fyrir hönd U3A Reykjavík, sem formlega er aðili að verkefninu og fær hluta þess styrks sem veittur er til verkefnisins samkvæmt verkáætlun. U3A teymið sem hefur unnið að verkefninu eru verktakar sem skila vinnuseðlum og kostnaðarreikningum í samræmi við áætlun. BALL teymi U3A er því eins konar U3A hópur með sjálfstæðan fjárhag. Bókhaldi og fjármálum BALL verkefnisins er því haldið aðskildu frá almennri starfsemi U3A Reykjavík. Erna Steinsdóttir, gjaldkeri U3A sér um utanumhald þeirra fjármála verkefnisins sem snerta U3A Reykjavík, en verkefnisstjórnin Evris sér um og ber ábyrgð á heildarbókhaldi þess gagnvart ESB.

Ljóst er að BALL verkefnið hefur aukið vitund samfélagsins hér heima um mikilvægi þriðja æviskeiðsins, ekki síst í gegnum bakhjarla verkefnisins, svo sem stéttarfélögin og Reykjavíkurborg. Það sama hefur gerst í samstarfslöndunum og á alþjóðavettvangi. U3A Reykjavík hefur með þessu verkefni, sem upphaflega verður til í huga fyrrverandi formanns og stýrt er frá Íslandi, styrkt stöðu sína í samfélaginu hér heima og erlendis,

sem mikilvægur og stefnumótandi aðili sem hefur mikilvægan boðskap fram að færa og taka þarf tillit til.

Starfið framundan

U3A Reykjavík eru ung samtök, aðeins fjögur ár eru liðin frá stofnun þess 2012. Stofnfélagar og brautryðjendur voru 49 talsins, en á þessum árum hefur félögum farið sífellt fjölgandi og eru nú 283. Starf samtakanna hefur aukist og dafnað að sama skapi og líklega hefur ekki áður verið boðið uppá jafnmargar vikur með fleiri en einum viðburði. Samhliða hefur orðið mikil vitundarvakning í samfélaginu og meðal fólks á efri árum um það, hve mikilvægt er að vera virkur á þriðja æviskeiðinu. Það er ljóst að U3A mun halda áfram að þróast sem sívaxandi vettvangur upplýsingar, þekkingar og virkni hugans. Fjölgun félaga, hinn fjölmenni félagsfundur í upphafi vetrarstarfsins, hið frjóa hugmyndaflug sem þar átti sér stað og góð þátttaka í viðburðum ársins sýnir áhuga félaga á starfinu. Á starfsárinu hefur stjórnin tekið mið af mörgu sem kom fram í hugarfluginu við skipulag starfsins á árinu og enn er þar af mörgu að taka.

Jákvæð viðbrögð við starfi U3A hjá þeim aðilum í íslensku samfélagi sem eiga að láta sig mannauð og velferð þriðja æviskeiðsins varða, eru til marks um mikilvægi þess. Aukið upplýsingaflæði, fjölbreytni í starfi og aukin virkni félaga verða lykilatriði í starfinu framundan. Alþjóðatengsl verða nýtt enn frekar til að auðga starfið, taka við og miðla nýjum hugmyndum. Niðurstöður BALL verkefnisins verða að mörgu leyti leiðarljós í því efni og reynt verður að vinna að framgangi þeirra hugmynda sem þar eru settar fram. U3A Reykjavík er nýsköpun í íslensku samfélagi og lögð verður áhersla á að þessi vettvangur þróist áfram og skapi aukin tækifæri þriðja æviskeiðsins.

Að lokum

Stjórn U3A Reykjavík vill að lokum þakka framlag félaga og annarra sem gefið hafa vinnu sína í þágu samtakanna, með sérstöku þakklæti til aðstandenda félagsmiðstöðvarinnar í Hæðargarði 31 fyrir aðstöðu og annað sem þar er veitt án endurgjalds og því hlýja viðmóti sem stjórn og félagar U3A Reykjavík hafa mætt þar síðan samtökin voru stofnuð.

F.h. stjórnar U3A Reykjavík

Hans Kristján Guðmundsson, formaður U3A Reykjavík

Viðauki – Viðburðadagskrá starfsársins 2015 – 2016

Vor 2015

Priðjudagur 24. mars.

Bókmenntahópur. Opinn fundur.

Priðjudagur 14. apríl.

Orðið er laust. Miðaldafæði.

Sverrir Tómasson, fyrrverandi prófessor.

Priðjudagur 14. apríl.

Bókmenntahópur hittist.

Fimmtudagur 16. apríl.

Heimsókn. Þjóðleikhúsið.

Priðjudagur 21. apríl.

Orðið er laust. **Berlín.**

Thomas Möller, hagverkfræðingur.

Priðjudagur 5. maí.

Bókmenntahópur hittist.

Haust 2015

Priðjudagur 15. september.

Félagfundur. Kynning á dagskrá; Hugarflug um starfið; Hópastarf - Hugmyndatorg.

Priðjudagur 22. september.

Merkir Íslendingar. Fyrstu þingkonurnar. Erindaröð í umsjá Ásdísar

Skúladóttur. **Ingibjörg H. Bjarnason, á þingi 1922-1930.** Eyrún Ingadóttir

sagnfræðingur mun fræða okkur um líf hennar og starf og upphaf baráttu fyrir kosningarétti kvenna og hjúa.

Miðvikudagur 23. september.

Bókmenntahópur hittist. Fyrsti fundur haustsins.

Fimmtudagur 24. september.

Heimsókn. Háskólinn í Reykjavík.

Priðjudagur 29. september. Fellur niður, sjá 13. október.

Námskeið í samningatækni. Thomas Möller, hagverkfræðingur. Rými - akademían.

Priðjudagur 6. október.

Fyrirlestur. **Sjálfbærni og loftslagsbreytingar.** Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor, Háskóla Íslands.

Priðjudagur 13. október.

Námskeið í samningatækni. Thomas Möller, hagverkfræðingur. Rými - akademían.

Miðvikudagur 14. október.

Bókmenntahópur hittist.

Priðjudagur 20. október.

Opinn fundur um að undirbúa þriðja æviskeiðið. Fyrstu niðurstöður alþjóðlega samstarfsverkefnisins BALL, **Be Active through Lifelong Learning**, um undirbúning að þriðja æviskeiðinu.

Priðjudagur 27. október.

Merkir Íslendingar. Fimm fyrstu konur á Alþingi. Erindaröð í umsjá Ásdísar Skúladóttur. **Guðrún Lárusdóttir, rithöfundur og alþingismaður, á þingi 1934-1938.** Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur mun fjalla um líf Guðrúnar og systurnar Guðrún Lára og Sigrún Valgerður Ásgeirsdætur segja frá ömmu sinni Guðrúnu Lárusdóttur.

Priðjudagur 3. nóvember.

Fyrirlestur. **Borgarskipulag og skipulag Reykjavíkur.** Dr. Bjarni Reynarsson, skipulagsfræðingur.

Miðvikudagur 4. nóvember.

Bókmenntahópur hittist.

Priðjudagur 10. nóvember.

Fyrirlestur. **Karlmenn í blíðu og stríðu. Karlmennska og íslenskir miðaldatextar.** Ásdís Egilsdóttir, cand mag, prófessor við Háskóla Íslands.

Miðvikudagur 11. nóvember.

Fyrsti hluti fyrrrihlutanáms í [Húnavetnskum fræðum](#) kl. 17 í Húnabúð, Skeifunni 11, 2. hæð. Jón Torfason, höfundur bókar Ferðafélags Íslands um Austur-Húnavatnssýslu, segir frá Austursýslunni.

Priðjudagur 17. nóvember.

Baskaland - Ferðasaga. Ferðalangarnir, sem sóttu Baska heim í haust í kjölfar námskeiðs U3A síðastliðinn vetur um samskipti Baska og Íslendinga, segja ferðasögu sína í máli og myndum.

Miðvikudagur 18. nóvember.

Annar hluti fyrrihlutanáms í [Húnavetnskum fræðum](#) kl. 17 í Húnabúð, Skeifunni 11, 2. hæð. Þór Magnússon, fyrrum þjóðminjavörður, segir frá Vestursýslunni.

Fimmtudagur 19. nóvember.

Heimsókn. **Menntaskólinn í Reykjavík** heimsóttur kl. 15. Ólöf Erna Leifsdóttir, aðstoðarmaður rektors, tekur á móti hópnum í anddyri gamla skólahússins og leiðir hann um ganga og Árni Indriðason, sagnfræðingur og kennari, segir frá sögu skólans.

Þriðjudagur 24. nóvember.

Merkir Íslendingar. Fimm fyrstu konur á Alþingi. Erindaröð í umsjá Ásdísar Skúladóttur. Margrét Sveinbjörnsdóttir, menningarmiðlari, ræðir um alþingismanninn **Katrínu Thoroddssen, á þingi 1946 -1949.**

Miðvikudagur 25. nóvember.

Bókmenntahópur hittist.

Þriðjudagur 1. desember. Merkir Íslendingar. Féll niður vegna óveðurs.

Mánudagur 7. desember. Merkir Íslendingar. Féll niður vegna óveðurs.

Miðvikudagur 9. desember.

Bókmenntahópur. Opinn jólafundur. Gestur í heimsókn í tilefni jóla varJórunn Sigurðardóttir..

Þriðjudagur 15. desember.

Jólaviðburður Dr Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, spjallar um jól, hátíðir og jólasíði, sögu þeirra og uppruna.

Vor 2016

Þriðjudagur 12. janúar.

Loftslagsbreytingar og hafið. Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

Fimmtudagur 14. janúar.

Heimsókn. **Tónlistarsafn Íslands, Kópavogi.** Jón Hrólfur Sigurjónsson, verkefnisstjóri, tekur á móti gestum.

Þriðjudagur 19. janúar.

Íslensk tónlist í 900 ár. Bjarki Sveinbjörnsson forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands.

Miðvikudagur 20. janúar.

Bókmenntahópur hittist. Fyrsti fundur vorsins.

Þriðjudagur 26. janúar.

Eldstöðin Ísland. Páll Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Priðjudagur 2. febrúar.

Á hverju lifum við? Ríkharð Brynjólfsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Priðjudagur 9. febrúar.

Merkir Íslendingar. Erindi í röðinni um fyrstu konurnar sem tóku sæti á Alþingi. **Rannveig Þorsteinsdóttir** (á þingi 1949-1953). Sigrún Magnúsdóttir, umhverfisráðherra fjallar um þingkonuna, en erindið féll niður í haust vegna veðurs.

Miðvikudagur 10. febrúar í Húnabúð.

Nám í Húnavetnskum fræðum. Eyrún Ingadóttir segir frá Þjófa-Lása og Sigurður Ágústsson frá Blönduósi í minningunni.

Miðvikudagur 10. febrúar.

Bókmenntahópur hittist.

Priðjudagur 16. febrúar.

Eldstöðin Ísland. Páll Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands. Framhald erindis frá 16. janúar 2016.

Miðvikudagur 17. febrúar.

Indlandsnámskeið. Ragnar Stefánsson, jarðskjálftafræðingur, talar um landið Indland.

Priðjudagur 23. febrúar.

Merkir Íslendingar. Erindi í röðinni um fyrstu konurnar sem tóku sæti á Alþingi. **Kristín L. Sigurðardóttir** (á þingi 1949-1953). Margrét Sveinbjörnsdóttir, menningarmiðlari, fjallar um þingkonuna, en erindið féll niður í haust vegna veðurs.

Miðvikudagur 24. febrúar.

Nám í Húnavetnskum fræðum. Ólafur Jóhannsson talar um menningu í Miðfirði og Ingi Heiðmar Jónsson um Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps.

Fimmtudagur 25. febrúar.

Heimsókn í **Seðlabanka Íslands**.

Priðjudagur 1. mars.

"Þú færð aldrei sigrað þinn fæðingarhrepp" Kvæðið "Þorpið" eftir Jón úr Vör verður flutt af félögum úr upplestrarhópi Soffu í umsjón Ásdísar Skúladóttur. Hjörtur Pálsson, cand.mag., flytur inngangsorð um skáldið og manninn Jón úr Vör.

Miðvikudagur 2. mars.

Indlandsnámskeið. Illugi Jökulsson, blaðamaður, heldur erindi um sögu Indlands.

Miðvikudagur 2. mars.

Bókmenntahópur hittist.

Priðjudagur 8. mars.

Hvað á að gera við afa? Um hlátur og húmor. Kristín Einarsdóttir, þjóðfræðingur og

aðjúnkt við Háskóla Íslands, fjallar um húnor og tengsl hans við samfélagið. Hún ræðir meðal annars fræg hlátursköst, húnor og hörmungar og bannaðan húnor.

Miðvikudagur 9. mars í Húnabúð.

Nám í Húnvetnskum fræðum. Kristín Indriðadóttir flytur erindið "Kæri bróðir, ætíð sæll".

Þriðjudagur 15. mars.

Aðalfundur U3A Reykjavík. Jón Björnsson flytur erindi að loknum fundarstörfum.

Miðvikudagur 16. mars.

Indlandsnámskeið. Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fjallar um Indland og indversk stjórnmál.